

## 30. Holtavirkjun<sup>1</sup>

### Holtavirkjun

Holtavirkjun verður 53 MW að afl og orkugeta hennar um 415 GWh/ári. Inntakslón Holtavirkjunar, Árneshól, verður myndað með stíflu í Árneshól við bæinn Akbraut í Holtum og stíflugörðum í Árneshól. Veitumannvirki verða byggð við Búðafoss ofan við Árneshól og þar verður stærstum hluta Þjórsár veitt í Árneshól. Stöðvarhúsið verður staðsett við enda stíflunnar við Akbrautarholt, og frá því mun liggja frárennisskurður að mestu leyti grafinn í austurkvísl Þjórsár niður fyrir Árneshól.

### Yfirlitstafla

#### Vatnasvið og rennsli

Stærð vatnasviðs	7.600 km <sup>2</sup>
Meðalrennsli	341 m <sup>3</sup> /sek
Virkjað rennsli	330 m <sup>3</sup> /sek
Lágmarksrennsli í farvegi	15 m <sup>3</sup> /sek
Reiknað 100 ára flóð	1.700 m <sup>3</sup> /sek

#### Mannvirki

Lónhæð Árneshóls	71 m y.s.
Lónstærð við þá hæð	4,8 km <sup>2</sup>
Rúmmál lóns	13,6 Gl
Stíflur og garðar,	3.000 m
Mesta hæð í farvegi	15 m
Frárennisskurður (lxb)	um 3.800 m, allt að 75 m

#### Orka og afl

Virkjað fall	18 m
Orkugeta	415 GWh/ári
Samtals afl hverfla (2 Kaplan)	53 MW

#### Kostnaður

Hagkvæmniflokkur	4
------------------	---

Í mati á umhverfisáhrifum var Holtavirkjun kynnt í matskýrslunni “Virkjun Þjórsár við Núp, allt að 150 MW og breyting á Búrfellslínu 1, Landsvirkjun apríl 2003”. Í þeirri skýrslu voru lagðir fram tveir jafngildir kostir. Annars vegar virkjun 56 m falls í einu þrepi í Núpsvirkjun og hins vegar virkjun samtals 50 m falls í tveimur þrepum í Hvammsvirkjun og Holtavirkjun. Holtavirkjun er kynnt nánar á vefnum [www.þjórsá.is](http://www.þjórsá.is) og þar er hægt að nálgast matskýrsluna, úrskurð Skipulagsstofnunar, úrskurð umhverfisráðherra og fleiri skýrslur um framkvæmdina.

<sup>1</sup> Sjá nánar á vefsíðu: [www.þjórsá.is](http://www.þjórsá.is)



Tilhögun sem metin var í 1. áfanga Rammaáætlunar

